



**65. Fundur bæjarráðs Blönduósarbæjar
þriðjudaginn 16. október 2012, kl. 15:00.**

Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Atvinnutengt nám
 2. Fundargerðir
 - a) Bs. um menningu og atvinnumál frá 3. október 2012
 - b) Stjórnar Hafnasambands Íslands frá 19. september 2012
 - c) Bs. um Tónlistarskóla A-hún frá 24. september 2012
 - d) SSNV frá 5. september 2012
 - e) SSNV frá 2. október 2012
 - f) Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 7. september 2012
 - g) Menningarráðs Norðurlands vestra frá 5. september 2012
 - h) Félags- og skólapijónustu A-Hún frá 10. október
 3. Bréf frá Fjölís dags. 9. október 2012
 4. Bréf frá Sýslumanninum á Blönduósi dags. 3. október 2012
 5. Samningur Brunavarna A-Hún. og Eldstoða ehf.
 6. Önnur mál
-

Afgreiðslur:

1. Atvinnutengt nám

Guðjón Ólafsson, fræðslufulltrúi og Þórhalla Guðbjartsdóttir skólustjóri kynntu Atvinnutengt nám. Atvinnutengt nám er ætlað 9-10 bekkjar nemendum grunnskóla. Meginmarkmið Atvinnutengds náms er að bæta líðan nemenda og námsárangur og gefa þeim tækifæri til að vinna með styrkleika og bæta sjálfsmynd sína með því að sinna vinnu utan skóla.

Guðjón Ólafsson og Þórhalla Guðbjartsdóttir yfirgefa fundinn.

Málinu er vísað til fjárhagsáætlunar.

2. Fundargerðir

a) Bs. um menningu og atvinnumál frá 3. október 2012

Lögð fram til kynningar.



b) Stjórnar Hafnasambands Íslands frá 19. september 2012

Lögð fram til kynningar.

c) Bs. um Tónlistarskóla A-hún frá 24. september 2012

Lögð fram til kynningar.

d) SSNV frá 5. september 2012

Lögð fram til kynningar.

e) SSNV frá 2. október 2012

Lögð fram til kynningar.

f) Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 7. september 2012

Lögð fram til kynningar.

g) Menningarráðs Norðurlands vestra frá 5. september 2012

Lögð fram til kynningar.

h) Félags-og skólaþjónustu A-Hún frá 10. október

Lögð fram til kynningar.

3. Bréf frá Fjölís dags. 9. október 2012

Fjölís hefur átt í viðræðum við Samband íslenskra sveitarfélaga um endurnýjun rammisamnings um ljósritun og hliðstæða eftirgerð í stjórnsýslu sveitarfélaga og fyrirtækja og stofnana á þeirra vegum. Samningur Fjölíss og Blönduósarbæjar rann út um mitt árið. Fjölís vill því bjóða Blönduósarbæ framlengingu óbreytts samnings til árs eða þar til fyrir liggur rammisamningur sem gerður verður í samvinnu við Sambands íslenskra sveitarfélaga á komandi mánuðum.

Bæjarráð samþykkir framlengingu á samningnum.

4. Bréf frá Sýslumanninum á Blönduósi dags. 3. október 2012

Sýslumaðurinn á Blönduósi óskar eftir umsögn Blönduósarbæjar um umsókn Ásgeirs Ósmann, kt. 211190-3539, Auðkúlu 1, 541 Blönduósi, f.h. Sveitabakarí Kaffitería ehf. 410612-0380, um leyfi til að reka veitingastað í flokki I, að Húnabraut 4, 540 Blönduósi. Með vísan til 4. mgr. 1. tl. 10. gr. laga um veitingastaði, gistiheimili og skemmtanahald, þar sem sveitarstjórn er falið að veita umsögn um afgreiðslutíma og staðsetningu staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um, veitir bæjarráð jákvæða umsögn.

5. Samningur Brunavarna A-Hún. og Eldstoða ehf.

Fyrir fundinn liggur samningur milli Brunavarna A-Hún. og Eldstoða ehf.

Bæjarráð samþykkir samninginn fyrir sitt leyti.

6. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 17:20

Zophonías Ari Lárusson (sign.)

Anna Margret Sigurðardóttir (sign.)

Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)